



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 1. apríl 2014, kl. 9:30 í Fjölheimum á Selfossi

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Elfa Dögg Þórðardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfsdóttir, Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir og Þorvarður Hjaltason. Davíð Samúelsson og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sitja einnig fundinn og ritar Ragnhildur fundargerð.

Fundarefni:

1. Stjórn skiptir með sér verkum, kosning stjórnarformanns.

Ása Valdís Árnadóttir var kosin formaður stjórnar.

2. Starfslok núverandi framkvæmdastjóra.

Davíð leggur það til að hann láti af störfum 15. apríl, hann á inni 30 daga í sumarfrí. Ragnhildur, starfsmaður markaðsstofunnar, sinnir starfinu þar til nýr framkvæmdastjóri kemur til starfa. Stjórn þakkar Davíð fyrir góð störf í þágu Markaðsstofunnar og Suðurlands.

3. Stutt kynning á starfsemi Markaðsstofunnar.

Davíð kynnir það helsta sem Markaðsstofan er að gera. Segir frá kynningarefni, vefsíðum, sýningum og innri markaðssetningu.

4. Ásbjörn Jónsson fráfarandi stjórnarformaður kemur inn á fundinn og skilar umsóknum um stöðu framkvæmdastjóra til nýrrar stjórnar.

- Davíð vísar af fundi

39 umsækjendur sóttu um starf framkvæmdastjóra. Farið var yfir umsóknir og verða umsækjendur listaðir upp af stjórnarmanni. Stjórnarmenn skoða umsóknir betur og verða þær teknar fyrir á næsta fundi.

5. Önnur mál

Þorvarður kemur með tillögu inn á fundinn um að farið verði í vinnu við að skoða starfsemi, tekjugrundvöll og eignaraðild Markaðsstofunnar ásamt því að móta stefnu fyrir hana til framtíðar.

Fundi slitið kl. 12:00